

Samningur um framkvæmd hátíðarhalda á sumardaginn fyrsta og 17. júní í Garðabæ

Skátafélagið Vífill og Garðabær gera með sér eftirfarandi samning vegna framkvæmda hátíðarhalda á sumardaginn fyrsta og 17. júní í Garðabæ.

1. Skátafélagið Vífill tekur að sér:

- 1.1. að skipuleggja, halda utan um og framkvæma dagskrá fyrir sumardaginn fyrsta og þjóðhátíð á 17. júní í Garðabæ. Vífill ber ábyrgð á að dagskrá sé undirbúin og framkvæmd þannig að vel megi til takast.
- 1.2. Vífill fær greiddar kr. 1.000.000,- til að framkvæma dagskrá á sumardaginn fyrsta. Vegna umsýslu og skemmtikrafta á 17. júní greiðir Garðabær Vífli kr. 4.000.000,- Greiðsla til Vífils skal fara fram eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir viðkomandi hátíð.
- 1.3. að skipa undirbúningshóp sem halda skal utan um framkvæmd hátíðarhaldanna á 17. júní, hér eftir kallaður framkvæmdaraðili. ÍTG tilnefnir fulltrúa sinn í undirbúningshópinn.
- 1.4. að halda utan um undirbúning og framkvæmd allrar dagskrárinnar á 17. júní í Garðabæ. Heimilt er að ráða einn viðburðarstjóra til að sjá um framkvæmdastjórn.
- 1.5. að gera kostnaðaráætlun um skemmtiatriði og annað sem snýr að dagskráratríðum hátíðarhaldanna sem þarf að vera innan fjárheimilda til verkefnanna.
- 1.6. að framkvæma dagskrána á 17. júní í samvinnu við Kvenfélag Garðabæjar, Skátafélagið Svani og önnur þau félög eða stofnanir í Garðabæ sem hafa aðkomu að hátíðarhöldunum.

2. Hlutur Garðabæjar

- 2.1. að stilla upp hljóðkerfi og hafa umsjón með því, að þjónustumiðstöð sjái um uppsetningu merkinga vegna lokana, og sjái um flöggun þjóðfánans á fánaborgum við bæjarmörk og á hátíðarsvæðum.
- 2.2. að setja upp svið á hátíðarsvæði á bílastæði sem notuð eru á Garðatorgi fyrir á 17. júní.
- 2.3. að leggja til hátíðarhaldanna ákveðna upphæð í fjárhagsáætlun ár hvert til að standa straum af kostnaði hátíðarhaldanna.

Öll formleg samskipti og uppgjör milli aðila þessa samnings skulu fara fram á milli framkvæmdanefndar í forsvari félagsforingja Vífils og formanns ÍTG.

Samningurinn gildir frá undirritun til þar til honum er sagt upp með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu.

Garðabæ,

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Thelma Rún van Erven félagsforingi

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026